



Bæjarstjórn Garðabæjar 18. (858)/2019

Boðað er til 18. (858). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 5. desember 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 1911040F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/11 '19.
1911306 - Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
2. 1911049F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/12 '19.
3. 1911025F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 20/11 '19.
4. 1911028F - Fundargerð leikskólanefndar frá 20/11 '19.
5. 1911030F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 19/11 '19.
6. 1911035F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/11 '19.
7. 1911016F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 14/11 '19.
8. 1911005F - Fundargerð öldungaráðs frá 6/11 '19.
9. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 2/12 '19
10. 1901316 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 22/11 '19.
11. 1901407 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 20/9, 11/10, 28/10 og 22/11 '19.
12. 1912029 - Tillaga Garðabæjarlistans um að bjóða út endurskoðun og gerð ársreiknings hjá Garðabæ.
13. 1904109 - Tillaga um álagningu fasteignagjalda árið 2020.
14. 1904109 - Gjaldskrá sorphirðugjalda árið 2020.
15. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023)- síðari umræða.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
17. (857). fundur 2019

Fimmtudaginn 21. nóvember 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Almar Guðmundsson, Björg Fengler, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Valborg Ösp ÁWarén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 7. nóvember 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911014F - Fundargerð bæjarráðs frá 12/11 '19.

Enginn tók til máls.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 9 við fjárhagsáætlun 2019 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 9.

Vinnuskóli Garðabæjar

Vegna hækkunar á taxta unglingavinnu sem samþykkt var í vor af bæjarráði og fjölgunar ungmenna miðað við fyrra ár þarf að hækka fjárheimildir Vinnuskóla Garðabæjar um 15,0 mkr.

Vinnuskóli Garðabæjar	15.000.000	06-299 -xxxx
-----------------------	------------	--------------

Sumarátak vegna vinnu ungs fólks.

Vegna fleiri umsókna um sumarstörf hjá Garðabæ en áætlað var þarf að hækka fjárheimild sumarátaksins um 35,8 mkr.

Sumarátak vegna vinnu ungs fólks	35.800.000	11330-xxxx
----------------------------------	------------	------------

Skipulagsvinna.

Vegna mikillar aðkeyptrar vinnu við gerð rammahluta aðalskiplags og deiliskiplagsáætlana er nauðsynlegt að hækka fjárheimildir til skipulagsmála.

Aðalskipulag/rammaskipulag	50.000.000	09220-xxxx
----------------------------	------------	------------

Deiliskipulag	6.000.000	09230-xxxx
---------------	-----------	------------

Samstarfssamningur um uppbyggingu á Stórásreit.

Vegna samkomulags við Mótás Garðabæ ehf., dags. 27.09.19 um uppbyggingu byggðar á Stórásreit eru færðar til tekna tekjur vegna byggingarréttargjalds að fjárhæð kr. 98.455.500.

Seldur byggingarréttur	-98.455.500	31400-0397
------------------------	-------------	------------

Mismunur	8.344.500	Útgjaldaauki
----------	-----------	--------------

Útgjaldaauka skal mætt með lækkun á varasjóði um sömu upphæð.

Varasjóður	-8.344.500	31916-7179
------------	------------	------------

Fundargerðin sem er 10. tl., er samþykkt samhljóða.

2. 1911027F - Fundargerð bæjarráðs frá 19/11 '19.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4.-7. tl., afgreiðslur skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna þróunarsvæðis B - Vífilstaðaland og tillögur að deiliskipulagsáætlunum fyrir norðurhluta Hnoðrahólts, Vetrarmýri og Rjúpnadal. Sigurður vakti athygli á kynningarfundum sem verður í Sveinatungu 10. desember nk. Þá ræddi Sigurður 8.-13. tl., afgreiðslur skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir miðsvæði Álftanes.

Björg Fenger ræddi 2. tl., byggingarleyfi fyrir útlífsmiðstöð skáta í Heiðmörk og óskaði Hjálparveit skáta í Garðabæ til hamingju með 50 ára afmælið.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B, Vífilstaðalands. Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat skal kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan skal kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd. Samhliða skal kynna tillögur að nýju deiliskipulagi Vetrarmýrar, norðurhluta Hnoðrahólts og Rjúpnadals.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Vetrarmýri. Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat skal kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða skal kynna tillögur að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B, Vífilstaðalands og nýju deiliskipulagi, norðurhluta Hnoðrahólts og Rjúpnadals.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir norðurhluta Hnoðrahólts. Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat skal kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða skal kynna tillögur að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B, Vífilstaðalands og nýju deiliskipulagi Vetrarmýrar og Rjúpnadals.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag kirkjugarðs og meðferðarstofnunar í Rjúpnadal. Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat skal kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða skal kynna tillögur að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B, Vífilstaðalands og nýju deiliskipulagi Vetrarmýrar og norðurhluta Hnoðrahólts.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um lagfæringar og uppfærslur gagna sem fylgja tillögu sem samþykkt hefur verið sem nýtt deiliskipulag fyrir Breiðumýri á Álftanesi. Deiliskipulagið skal sent til áframhaldandi meðferðar Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um lagfæringar og uppfærslur gagna sem fylgja tillögu sem samþykkt hefur verið sem nýtt deiliskipulag fyrir Krók á Álftanesi. Deiliskipulagið skal sent til áframhaldandi meðferðar Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um lagfæringar og uppfærslur gagna sem fylgja tillögu sem samþykkt hefur verið sem nýtt deiliskipulag fyrir Helgúvík á Álftanesi. Deiliskipulagið skal sent til áframhaldandi meðferðar Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um lagfæringar og uppfærslur gagna sem fylgja tillögu sem samþykkt hefur verið sem nýtt deiliskipulag fyrir Kumlamýri á Álftanesi. Deiliskipulagið skal sent til áframhaldandi meðferðar Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að deiliskipulagi fyrir Skógtjörn á Álftanesi verði auglýst að nýju samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Bessastaða. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 41. gr. og bærust engar athugasemdir. Í umsögn Minjastofnunar er lagt til að forkönnun verði gerð á svæðinu áður en jarðvinna hefst. Skipulagsnefnd samþykkti að gera breytingar á greinargerð þannig að fram komi að forkönnun fornleifa fari fram áður en ráðist er í jarðvegsvinnu.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að synja tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna umsóknar lóðareiganda að Blikanesi 14 um byggingu utan byggingarreits. Tillagan var grenndarkynnt og bærust athugasemdir þar sem umsókninni var mótmælt. Þá liggur fyrir neikvæð afstaða deiliskipulagsráðgjafa.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi hesthúsabyggðar að Kjóavöllum en um er að ræða sameiginlegt skipulag með Kópavogi. Fallið er frá forkynningu samkvæmt heimild í 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Fundargerðin sem er 24. tl., er samþykkt samhljóða.

3. 1910028F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 16/10 '19.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., kynningu Þroskahjálpar varðandi rekstur íbúakjarna og 6. tl., áskorun til sveitarfélaga um að fara eftir ákvæðum reglugerðar varðandi framkvæmd notendastýrðar persónulegrar aðstoðar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., kynningu Þroskahjálpar varðandi rekstur íbúakjarna og 5. tl., tillögu Garðabæjarlistans um virkjun til atvinnuþátttöku.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 1. tl., kynningu Þroskahjálpar varðandi rekstur íbúakjarna og 5. tl., tillögu Garðabæjarlistans um virkjun til atvinnuþátttöku.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 1911015F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 13/11 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1911023F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 15/11 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 21. tl., drög að breytingum á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Ingvar Arnarsson, kvaddi sér hljóðs að nýju um sama mál.

Gunnar Einarsson, ræddi 21. tl., drög að breytingum á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1910057F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 1/11 '19.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., starfsemi Tónlistarskólans, 4. tl., sameiginleg verkefni menningar- og safnanefndar og skólanefndar Tónlistarskólans, 2. tl., menningar og fræðamiðstöð í Garðabæ. Gunnar Valur vék að tónlistarveislu í skammdeginu sem var hér á Garðatorgi sl. fimmtudag sem tókst einstaklega vel og þakkaði Gunnar öllum sem komu að undirbúningi og framkvæmd fyrir þeirra framlag.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 4. tl., sameiginleg verkefni menningar- og safnanefndar og skólanefndar Tónlistarskólans.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1911018F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 14/11 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 1905006F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 17/5 '19.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi sameiginlegan fund stjórnar Hönnunarsafn Íslands og menningar- og safnanefndar.

Gunnar Einarsson, ræddi sameiginlegan fund stjórnar Hönnunarsafn Íslands og menningar- og safnanefndar og velti fyrir sér hugmynd um sameiginlegan fund allra fastanefnda bæjarstjórnar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi sameiginlegan fund stjórnar Hönnunarsafn Íslands og menningar- og safnanefndar

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1911013F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/11 '19.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 1. tl., tillögu að skipulagi á norðurnesi Álftaness, 4. tl., styrkumsókn vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., niðurstöður mengunarmælinga 2019.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., niðurstöður mengunarmælinga 2019.

Björg Fengler, ræddi 1. tl., tillögu að skipulagi á norðurnesi Álftaness og sagði frá opnun nýs leiksvæðis við Norðurtún á Álftanesi.

Ingvar Arnason, ræddi 2. tl., niðurstöður mengunarmælinga 2019.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 4/11 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl. fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna 3. tl., notendastýrða persónulega aðstoð og 12. tl., frístundastarf fatlaðra ungmenna í Hinu húsinu.

Björg Fengler, ræddi 8. tl., ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., aðalfund SSH og 5. tl., skilavegi – yfirfærslu vega til sveitarfélaga.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., aðalfund SSH, 6. tl., fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna, 3. tl., notendastýrða persónulega aðstoð, 5. tl., skilavegi – yfirfærslu vega til sveitarfélaga, 8. tl., ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og 12. tl., frístundastarf fatlaðra ungmenna í Hinu húsinu

Fundargerðin er lögð fram.

11. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að setja af stað starfshóp til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ. Starfshópurinn skal skipaður þremur fulltrúum tilnefndum af bæjarráði. Bæjarráð skal setja starfshópnum erindisbréf þar sem m.a. kemur fram markmið, ábyrgðaraðili og skil á greinargerð og tillögum. Starfsmaður hópsins verður verkefnastjóri á bæjarskrifstofunum auk annarra starfsmanna Garðabæjar sem starfa með hópnum eftir þörfum.“

Greinargerð:

Bæjarstjórn Garðabæjar vill stuðla að því að Garðabær verði í fararbroddi stafrænnar framþróunar og þjónustu fyrir íbúa og viðskiptavinum sveitarfélagsins. Á undanförunum árum hefur mikil tækniþróun átt sér stað og ferlar og vinnubrögð tekið breytingum. Framundan er enn meiri þróun á sviði upplýsingatækni og fjórða iðnbyltingin er hafin sem gengur m.a. út á að tengja saman þá tækni sem nú er til staðar m.a. með gervigreind og sjálfvirknivæðingu. Þessi þróun mun hafa mikil áhrif á samfélagið í heild á næstu árum. Mikilvægt er að Garðabær móti sér stefnu og sýn um hvernig stafræn framtíð getur aukið lífsgæði íbúa Garðabæjar. Það er meðal annars hægt með því að gera stafræna þjónustu aðgengilega og sniðna að þörfum notenda. Með skilvirkari og bættum vinnuferlum í stafrænni þjónustu er hægt að bæta afgreiðslu mála og upplýsingagjöf. Stafræn vegferð sveitarfélagsins er samstarfsverkefni þvert á svið og byggja þarf upp þekkingu stjórnenda og starfsmanna til að vinna að stafrænni framþróun. Sveitarfélög eiga í auknum mæli eftir að nýta sér þjónustu island.is sem er miðlæg stafræn þjónustugátt sem hefur það meginmarkið að auðvelda samskipti einstaklinga og atvinnulífs við hið opinbera. Ísland hefur einnig hafið innleiðingu á Straumnum (X-Road) sem er gagnaflutningslag sem er ætlað að auðvelda samskipti milli upplýsingakerfa á öruggan hátt. Sveitarfélög, opinberar stofnanir og fyrirtæki í landinu geta í framtíðinni nýtt sér Strauminn til að flytja gögn sín á milli með það að markmiði að bæta þjónustu við almenning.

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er starfandi breytingastjóri stafrænnar þjónustu sem vinnur að miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun. Það eru tækifæri fólgin í því að taka þátt í samstarfsverkefnum sveitarfélaga um hvernig nýta megi nútímataækni til að bæta þjónustu og samskipti við íbúa.

Vorið 2019 var lagt fram minnisblað í bæjarráði Garðabæjar um snjalllausnir og snjallvæðingu sveitarfélagsins. Snjalllausnir og nýsköpun þeim tengd er hluti af stafrænni framþróun og ætti að skoða samhliða.

Kortlagning stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ er mikilvægt veganesti inn í framtíðina til að öflug og góð þjónusta verði enn betri.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls og lýsti stuðningi við tillöguna. Sara Dögg lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn leggur til að umræddur starfshópur tryggi að unnið verði að samræmdri stafrænni stefnu fyrir leik- og grunnskóla sveitarfélagsins. Að skilja tungumál tækninnar er lykill að frekari nýsköpun og þróun. Því skiptir máli að bæði ríki og sveitarfélög taki málið til sín og forgangsraði í þágu bættrar þjónustu og aðgengi allra að því stafræna samfélagi sem hefur áhrif á hvert einasta mannsbarn.“

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framkomna tillögu.

12. 1909205 - Jafnréttisstefna Garðabæjar 2019-2022

Almar Guðmundsson, kvaddi sér hljóðs og fylgdi úr hlaði jafnréttisstefnu Garðabæjar 2019-2022. Almar gerði grein fyrir vinnu í fjölskylduráði og hjá starfmönnum á bæjarskrifstofum við undirbúning og gerð stefnunnar. Almar gerði grein fyrir helstu meginþáttum stefnunnar og framkvæmdaáætlun sem fylgir stefnunni.

Almar þakkaði öllum þeim sem komu að málinu fyrir þeirra vinnu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls og lagði fram eftirfrandi bókun.

„Garðabæjarlistinn telur afar brýnt að verði útlistað betur og leggjum til að verði vísað áfram inn í nefndina til úrvinnslu.

Fyrst markmið 1.3 sem kallar eftir að við öflum kyngreinanlegra tölfræðiupplýsinga við þjónustukönnun. Hér þyrfti að okkar mati ekki síður að greina m.a. aðra jaðarhópa; hinsegin, fatlaða, innflytjendur og einstæða foreldra. Þannig að ná megi betri heildarmynd af stöðu allra viðkvæmustu hópanna sem er mikilvægt að hafa þegar verið er að forgangsraða t.d. þjónustu.

Markmið 1.5 um veitingu jafnréttisviðurkenninga. Hér vantar sannanlega bæði að skilgreina eða ákveða hverjir gætu verið tilnefndir (er það stjórnsýslan sjálf eða mögulega íbúar og fyrirtæki?). Einnig ætti að vera skýrt og tilgreint að fjölskylduráð setji reglur um þessa viðurkenningu.

Markmið 2.4 stefnur og viðbragsáætlanir Garðabæjar um einelti, ofbeldi og áreitni er ekki að finna á heimasíðu sveitarfélagsins þrátt fyrir ítrekaðar og mikla leit. Þetta skiptir máli ekki síst fyrir mögulega eða verðandi starfsmenn bæjarins að geta kynnt sér til dæmis við atvinnuumsókn eða atvinnuleit. Þessu þarf að kippa í liðinn.

Markmið 3. Hér teljum við að í jafnréttisáætlun sé kveðið á um að samningsaðilar bæjarins setji sér jafnréttisstefnu og skili henni inn. Hún megi ekki ganga skemur en stefna bæjarins og að þessi samningsaðilar þurfi einnig að setja sér aðgerðaáætlun sem uppfærð sé árlega.“

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Björg Fengler, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls og þakkaði fjölskylduráði fyrir góða vinnu við gerð stefnunnar. Gunnar sagði frá vinnu við jafnlaunavottun en forúttekt hefur farið fram þar sem engar athugasemdir komu fram. Lokaúttekt jafnlaunakerfis mun fara fram dagana 27. – 29. nóvember nk.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða jafnréttisstefnu Garðabæjar 2019-2022.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 21. nóvember 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Valborg Ösp Á Warén, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
45. (1906). fundur 2019

Þriðjudaginn 26. nóvember 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K. Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

2. 1908508 - Hraungata 36 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa um að veita Finni Frey Gunnarsyni, kt. 161190-2179 leyfi til að byggja parhús að Hraungötu 36.

3. 1908507 - Hraungata 38 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hrannari Steini Gunnarsyni, kt. 050587-2909 leyfi til að byggja parhús að Hraungötu 38.

4. 1907017 - Nýhöfn 3, íb 01-02 - breytt skráning

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sjöfn Haraldsdóttur, kt. 250153-2369 leyfi til að breyta hluta íbúðarýmis í atvinnurými (60m²) í fjölbýlishúsinu að Nýhöfn 3

5. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023).

Bæjarstjóri gerði grein fyrir drögum að tillögum um álagningu fasteignagjalda og drögum að breytingartillögum við frumvarp að fjárhagsáætlun.

6. 1911325 - Bréf KPMG um endurskoðun hjá Garðabæ, dags. 20.11.19.

Lagt fram bréf KPMG um endurskoðun á ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2019. Stefnt er að því að ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2019 verði tekinn fyrir við fyrri umræðu í bæjarstjórn 19. mars 2019.

7. 1911326 - Umsókn Golfklúbbs Garðabæjar og Kópavogs um heimild til veðsetningar fasteignar.

Um er að ræða útgáfu veðskuldabréfs til endurfjármögnunar á áður útgefnu áhvílandi veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 150.000.000.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að veita Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar heimild til veðsetningar golfskála vegna lántöku hjá Landsbanka Íslands að fjárhæð kr. 150.000.000.

8. 1911348 - Bréf sóknarnefndar Garðasóknar um niðurfellingu fasteignagjalda 2020, dags. 21.11.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu þegar álagning fasteignagjalda 2020 hefur fari fram.

9. 1911350 - Bréf sóknarnefndar Garðasóknar um stækkun kirkjugarðs og viðhald húsnæðis, dags. 21.11.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

10. 1911265 - Bréf Kvennaráðgjafarinnar um fjárframlag fyrir rekstrarárið 2020, dags. 11.11.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

11. 1910437 - Bréf Hjallastefnunnar ehf. um niðurfellingu gatnagerðargjalda, ódags.

Bæjarráð samþykkir að fresta innheimtu gatnagerðargjalda þar til búið er að ganga frá lóðarleigusamningum lóða við Vífilsstaði. Erindi verður tekið að nýju til afgreiðslu.

12. 1906044 - Bréf Sorpu bs. varðandi lóð fyrir endurvinnslustöð, dags. 03.06.19.

Bæjarráð lýsir yfir skilningi á að mikilvægt er að leita allra leiða til að tryggja Sorpu bs. lóð fyrir endurvinnslustöð.

Hvað varðar staðsetning á norðanverðum Arnarneshálsi við Hafnarfjarðarveg þykja skipulagslegar forsendur ekki vera fyrir hendi m.a. vegna hugsanlegrar legu Borgarlínu. Þá er einnig bent á að svæðið hefur ekki verið deiliskipulag og landið er í einkaeign.

13. 1911306 - Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

14. 1911349 - Aðgerðaáætlun vegna stjórnsýslu- og rekstrarúttektar

Lagt fram til kynningar vinnuskjal um aðgerðaráætlun vegna stjórnsýslu- og rekstrarúttektar.

15. 1911304 - Skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Bæjarráð samþykkir að skipa eftirfarandi fulltrúa í starfshóp til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Áslaugu Huldu Jónsdóttur, Almar Guðmundsson og Ingvar Arnarson.

Lögð fram drög að erindisbréfi fyrir starfshópinn.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 26. nóvember 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
46. (1907). fundur 2019

Þriðjudaginn 3. desember 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1910346 - Jafnlaunakerfi Garðabæjar - leiðbeiningar til starfsmanna.

Á fund bæjarráðs mætti Inga Þóra Þórisdóttir, mannauðsstjóri og gerði grein fyrir aðgangi starfsmanna að jafnlaunakerfi Garðabæjar og kynnti myndband með leiðbeiningum varðandi aðgang að kerfinu og málsmeðferð vegna ábendinga. Inga Þóra gerði einnig grein fyrir vinnu við jafnlaunavottun en úttekt fór fram 27. og 28. nóvember sl. Úttektarskýrsla liggur fyrir þar sem mælt er með því að veita Garðabæ vottun á að jafnlaunakerfið uppfylli kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85:2012.

2. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023).

Lögð fram tillaga um álagningu fasteignagjalda á árinu 2020 ásamt breytingum á áður samþykktri gjaldskrá sorphirðugjalda.

Lögð fram tillaga um breytingar á einstaka liðum við A og B - hluta frumvarps að fjárhagsáætlun ásamt breytingu á tillögu að framkvæmdayfirliti.

Bæjarráð samþykkir að vísa frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2020-2023 ásamt tillögum að breytingum við einstaka liði og tillögu um álagningu gjalda til síðari umræðu í bæjarstjórn fimmtudaginn 5 desember nk.

3. 1911383 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Álfþanes Café.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

4. 1702065 - Dómur Landsréttar í máli Garðabæjar gegn íslenska ríkinu um starfsemi Ísafoldar, dags. 22.11.19.

Lagður fram dómur Landsréttar þar sem íslenska ríkið er sýknað af kröfum Garðabæjar um bætur vegna uppsafnað taps af rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar á árunum 2013-2015.

5. 1911397 - Bréf Mæðrastyrksnefndar varðandi fjárframlag, dags. 28.11.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu bæjarstjóra.

6. 1911418 - Tillaga Garðabæjarlistans varðandi samgöngur barna og ungmenna.

Bæjarverkfræðingur sagði frá vinnu við endurskoðun á umferðaröryggisáætlun Garðabæjar en fyrirhugað er að kynna drög að áætluninni á íbúafundi og óska eftir ábendingum íbúa.

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögu Garðabæjarlistans til tækni- og umhverfissviðs og til vinnu við endurskoðun umferðaröryggisáætlunar en eldri áætlun var samþykkt árið 2013.

7. 1911427 - Tilkynning frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi kynningu á Loftlagssjóði, dags. 28.11.19.
Lögð fram.

8. 1911365 - Erindi Landsnets varðandi matslýsingu fyrir kerfisáætlun 2020-2029, dags. 25.11.19.
Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar í umhverfisnefnd og skipulagsnefnd.

9. 1911419 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum, 391. mál., dags. 29.11.19.
Lagt fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 3. desember 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar
12. fundur 2019

Miðvikudaginn 20. nóvember 2019 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í miðrými 3. hæð á bæjarskrifstofum Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Eymundur Sveinn Einarsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1910253 - Frumvarp til laga um barnaverndarlög (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 123. mál.

Tekið er fyrir mál nr. 1910253 Frumvarp til laga um barnaverndarlög (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni. Lagt fram og rætt.

2. 1908503 - Barnaverndarmál

Mál 1908503, beiðni um afléttingu nafnleyndar, lagt fyrir fjölskylduráð. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

3. 1909369 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1909369 umsókn um fjárhagsaðstoð. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

4. 1910088 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1910088 umsókn um fjárhagsaðstoð. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

5. 1910325 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1910325 umsókn um fjárhagsaðstoð. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

6. 1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun

Tekið er fyrir mál nr. 1911163 endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar. Fjölskylduráð tilnefnir eftirfarandi starfsmenn til að vinna að endurskoðun lýðræðisstefnu í samráði við fjölskylduráð: Sunnu Stefánsdóttur, Sunnu G. Sigurðardóttur, Huldu Hauksdóttur, Sólveigu Jóhannsdóttur, Svanhildi Þengilsdóttur og Kára Jónsson.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
11. fundur 2019

Miðvikudaginn 20. nóvember 2019 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Sigurborg K Kristjánsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, María Jónsdóttir fulltrúi foreldra og Elín Ösk Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1910300 - Starfsáætlanir leikskóla 2019- 2020

Lagt fram til umfjöllunar. Nefndin þakkar fyrir vel framsettar starfsáætlanir.

2. 1911235 - Áheyrnarfulltrúar í leikskólanefnd

Lagt fram til upplýsinga.

Bókun Guðlaugs Kristmundssonar fulltrúi Garðabæjarlistans.

Vegna uppákomu á síðasta leikskólanefndarfundi tel ég nauðsynlegt að bóka hér upplifun mína á þeim samskiptum og trúnaðarbresti sem átti sér stað á þeim fundi til þess að við drögum af því lærdóm.

Ferðalag mitt að komast að fyrirkomulagi um áheyrnarfulltrúa leikskólanefndar Garðabæjar hófst þann 16. maí síðastliðinn þegar formaður nefndarinnar tilkynnir okkur eftir formlegri dagskrá lauk að við fengjum nýja áheyrnarfulltrúa að nefndinni á næsta fundi. Því gæfist okkur tækifæri á að kveðja áheyrnarfulltrúana eftir veturinn. Þetta voru áheyrnarfulltrúar skólastjórnenda, starfsmanna, dagforeldra og foreldra. Ég óskaði eftir því að nefndinni yrði kynnt fyrirkomulag áheyrnarfulltrúanna ásamt upplýsingum um það hvernig og hvenær það var ákveðið.

Þann 11. september er boðað til fyrsta fundar vetrarins með nýjum áheyrnarfulltrúum en án áheyrnarfulltrúa dagforeldra. Fjarvera áheyrnarfulltrúa dagforeldra kom upp í óformlegu spjalli. Sú breyting að boða ekki lengur áheyrnarfulltrúa dagforeldra var ekki tekin af nefndinni og það hefur aldrei farið fram umræða um breytingar á fyrirkomulagi áheyrnarfulltrúa þar. Í lok þessa fundar var ítrekuð beiðni um að fyrirkomulag áheyrnarfulltrúa yrði tekið fyrir og kynnt á næsta fundi. Á næsta fundi, 23. október, var málið tekið fyrir og nokkur umræða átti sér stað. Ég tel tel að það hafi ekki verið neinn ágreiningur um fyrirkomulag eða tilgang áheyrnarfulltrúa, allir voru sammála um að það væri mikilvægt að hafa gott samtal við skólastjórnendur, starfsmenn og foreldra. Á þessum fundi kemur fram í fyrsta skipti útskýringin að áheyrnarfulltrúar gangi á milli leikskóla í stafrófsröð þeirra. Mér er það fram að þessum fundi óljóst hvernig fyrirkomulaginu var komið á. Þegar þarna er komið lítur málið þannig út fyrir mér að formaður nefndarinnar og starfsmaður bæjarins taki geðþótta ákvarðanir um áheyrnarfulltrúa nefndarinnar. Þegar formaður nefndarinnar tilkynnir nefndinni í upphafi vetrar að áheyrnarfulltrúi dagforeldra mæti ekki oftast því þess þurfi ekki samkvæmt lögum velti ég fyrir mér hvort hún hafi til þess vald eða hvaða nefnd hafi

mögulega tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa dagforeldra upphaflega. Í sömu lögum er vísað til þess að í sveitarfélagi þar sem fleiri en einn leikskóli starfi velji foreldravettvangur (svæðisráð) sér sinn áheyrnarfulltrúa í leikskólanefndinni en áheyrnarfulltrúar foreldra hafa fengið símtal frá starfsmanni bæjarins um áheyrnarsetu sína fyrir þennan vetur því foreldrið sé í ákveðnum leikskóla.

Í lok þessarar umræðu tilkynni ég um bókun mína og vísa til þess að það þurfi að vera skýrar leikreglur. Ég vilji sjá lýðræðislega og gagnsæja aðkomu áheyrnarfulltrúanna meðal annars með því að vera með aðgengilegt og skýrt fyrirkomulag. Ég legg til í þeirri bókun að foreldravettvangur foreldra leikskólabarna verði komið á fót, svipuðum Grunnstöðum. Slíkur vettvangur gæti bæði orðið vettvangur til samtals meðal foreldra leikskólabarna í Garðabæ og á sama tíma vettvangur til vals á áheyrnarfulltrúum foreldra leikskólabarna.

Viðbrögð starfsmanns bæjarins og formanns nefndarinnar voru svo ýkt og á þann veg að mér fannst óljóst hver væri í hvaða hlutverki. Starfsmaður bæjarins beinir máli sínu strax til meirihluta og segir orðrétt “núna legg ég til að við bókum á móti?”. Þarna æsast umræðurnar og formaður virðist taka hugmyndir mínar og mjög almennt orðaða bókun um lýðræðisleg vinnubrögð og gagnsæi sem persónulegri árás. Á sama tíma er ég sjálfur að upplifa trúnaðarrest milli mín og starfsmanns bæjarins sem greinilega telur sig vinna beint fyrir formann eða meirihluta nefndarinnar. Til þess að það yrði fundarhæft á ný og róa stemninguna dreg ég bókunina mína til baka að gefnu því loforði að nefndinni verði kynnt skriflegt fyrirkomulag áheyrnarfulltrúanna á næsta fundi.

Ég hefði frekar átt von á því að heyra óformlega frá formanni nefndarinnar vegna uppákomunnar í kjölfarið eða í starfsmanni bæjarins þar sem trúnaðarresturinn yrði ræddur. Ég fékk hinsvegar tölvupóst frá starfsmanni bæjarins þar sem lagt er til að taka umræðu um áheyrnarfulltrúa upp aftur á næsta fundi til þess að vinna að sameiginlegri bókun. Ég vissi ekki að starfsmenn bæjarins hefði mikla þörf til þess að bóka á nefndarfundum.

Að lokum vil ég minna á að Garðabær setti sér fyrst allra sveitarfélaga lýðræðisstefnu árið 2010. Eitt af markmiðum stefnunnar er að stjórnmalamenn og stjórnsýsla Garðabæjar fái viðeigandi þjálfun til þess að leiða lýðræðisferla. En þrátt fyrir að bráðum eru 40% af kjörtímabilinu lokið þá hefur nefndarfulltrúum ekki enn verið boðið á námskeið þrátt fyrir að slíkt skuli gerast í upphafi kjörtímabilsins. Starfsfólk stjórnsýslunnar á að fá menntun og þjálfun til þess að verða nefndarmönnum til ráðgjafar samkvæmt lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Trúnaðarrestur getur átt sér stað milli nefndarmanna og starfsmanns þegar lýðræðisstefnunni er ekki framfylgt og starfsmaður fái menntun og þjálfun til þess að vera nefndarfólki til ráðgjafar eins og mælt er fyrir um í lýðræðisstefnu bæjarins.

Fyrir sex mánuðum vildi ég kynnast fyrirkomulagi áheyrnarfulltrúa leikskólanefndarinnar. Þeirri vegferð er núna lokið.

Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Meirihlutinn tekur undir sjónarmið um nauðsyn gagnsærra og lýðræðislegra vinnubragða en telur að bókun minnihlutans sé að hluta til byggð á misskilningi. Fyrirkomulag áheyrnarfulltrúa var kynnt munnlega af leikskólafulltrúa við upphaf kjörtímabils og aftur við fyrirspurn fulltrúa Garðabæjarlistans í vor. Auk þess lýsir meirihlutinn yfir óánægju með að minnihlutinn bóki gagnvart starfsmanni nefndarinnar. Eðlilegra hefði verið að bera upp kvörtun við starfsmanninn sjálfan eða yfirmann hans. Meirihlutinn ber fullt traust til starfsmanns nefndarinnar sem hefur unnið að heilindum fyrir leikskólastigið í Garðabæ. Það er vilji meirihlutans að störf nefndarinnar fari fram á faglegum og opnum grundvelli og því þykir meirihlutanum leitt að upplifun fulltrúans sé með þessum hætti. Það er okkar von að samstarf nefndarinnar til framtíðar fari ekki fram í gegnum bókanir heldur á umræðugrundvelli eins og tíðkast hefur.

Verkefnisstjóri skóladeildar vill koma eftirfarandi athugasemd á framfæri.

Ef það er mat minnihlutans í leikskólanefnd að ég hafi blandað mér með óeðlilegum hætti í

umræður á síðasta leikskólanefndarfundum þá finnst mér það miður. Ég áréttu að ég hef og mun starfa sem hlutlaus aðili fyrir nefndina. Það er mikilvægt að verkefnastjóri hafi fullt traust nefndarmanna og ég vona að það svo megi verða í framtíðinni.

3. 1911234 - Flutningur á skipulagsdegi

Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólastjóra Sunnuhvols um að færa skipulagsdag sem fyrirhugaður er 21. febrúar 2020 til miðvikudagsins 22. apríl 2020 vegna fyrirhugaðar námsferðar starfsfólks til Bristol.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar
14. fundur 2019

Þriðjudaginn 19. nóvember 2019 kl. 16:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Kári Jónsson íþrótttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþrótttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1910129 - Kynning fjármálastjóra á fjárhagsáætlun

Lúðvík fjármálastjóri bæjarins fór yfir vinnulag fjárhagsáætlunargerðar. Hann fór einnig yfir helstu forsendur A-hluta fjárhagsáætlunarinnar og deildaryfirlit málaflokksins auk viðhalds- og nýframkvæmda.

2. 1910264 - Samningur við Svani 2019

Samningur við Svani lagður fram til kynningar og hann samþykktur.

3. 1911259 - Íþróttahátíð Garðabæjar vegna 2019

Kallað er eftir ábendingum um íþróttakarل og íþróttakonu Garðabæjar 2019. Erindi verða send út á íþróttafélög og auglýst í Garðapóstinum og á heimasíðu Garðabæjar. Kjóri verður líst á Íþróttahátíð Garðabæjar 5. janúar 2020 í fimleikasalnum í Ásgarði.

4. 1911085 - Einar Ingi Eypórsson-Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

5. 1911035 - Hrafnhildur M Gunnarsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

6. 1911038 - Júlían Máni K. Rakelarsen - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

7. 1911062 - Þorbjörn Bragi Jónsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

8. 1911061 - Guðjón Snær Einarsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs

Garðabæjar

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

9. **1911132 - Stefán Ísak Stefánsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

10. **1911028 - Kolbrún Þöll Þorradóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

11. **1911029 - Andrea Sif Pétursdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

12. **1911205 - Ingvar Þór Bjarnason - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

13. **1911026 - Tinna Ólafsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

14. **1911025 - María Líf Reynisdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

15. **1911009 - Laufey Ingadóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

16. **1911011 - Sigmundur Freyr Hafþórsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

17. **1911037 - Sara Margrét Jóhannesdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

18. **1911036 - Örn Frosti Katrínarson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópfimleikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.

19. **1911027 - Anna Sigríður Guðmundsdóttir- Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar**
ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímlaikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.
20. **1911063 - Arnar Daði Jónsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar**
ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímlaikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.
21. **1910443 - Arnór Gauti Árnason - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar**
ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímlaikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.
22. **1911086 - Íris Arna Tómasdóttir-Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar**
ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímlaikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.
23. **1911054 - Dagbjört Bjarnadóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar**
ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímlaikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.
24. **1911042 - Sólveig Ásta Bergsdóttir-Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar**
ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímlaikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.
25. **1911033 - Hekla Mist Valgeirsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar**
ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímlaikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.
26. **1911021 - Helena Clausen Heiðmundsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar**
ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímlaikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.
27. **1911020 - Hildur Clausen Heiðmundsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar**
ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímlaikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.
28. **1911034 - Kristinn Már Hjaltason - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar**
ÍTG hafnar beiðni um styrk fyrir Norðurlandamót félagsliða í hópímlaikum þar sem ekki er um landsliðsverkefni að ræða.
29. **1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar**
Rætt um nálgun og uppsetningu á nýrri forvarnarstefnu. Ákveðið að tómsunda- og íþróttáfulltrúi myndu vinna áfram í stefnunni í samræmi við umræður á fundinum og vinnan héldi svo áfram

hjá nefndinni á næsta fundi.

Undir önnur mál voru umræður um heimsókn ráðsins í Ungmennahúsið í Hafnarfirði. Rætt um að skoða fleiri ungmennahús og kynna sér þá starfsemi sem þar fer fram. Rætt var um stefnur og strauma í nálgun félagsmiðstöðva fyrir mismunandi aldurshópa.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
17. fundur 2019

Föstudaginn 22. nóvember 2019 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023)

Fjárhagur nefndarinnar á árinu 2019 stendur vel miðað við áætlun og þau verkefni sem nefndin hefur staðið fyrir á árinu.

Frumvarp til fjárhagsáætlunar 2020 var tekið til fyrri umræðu í bærarstjórn Garðabæjar 7. nóvember sl. Síðari umræða er fyrirhuguð 5. desember nk. Farið var yfir áætlað deildaryfirlit fyrir menningarmál á árinu 2020. Á næsta ári er fyrirhugað að ráða í starf menningarfulltrúa og Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, kynnti drög að starfslýsingu þess starfs.

Umræður voru um fjárhagsáætlun og starfslýsingu menningarfulltrúa.

2. 1909071 - Tónlistarveisla í skammdeginu 2019

Tónlistarveisla í skammdeginu var haldin í sautjándan sinn á Garðatorgi fimmtudaginn 14. nóvember sl. Farið var yfir hvernig til tókst. Hljómsveitin Dikta úr Garðabæ steig á svið þetta kvöld en í ár heldur hljómsveitin upp á 20 ára starfsafmæli. Myndlistarfélagið Gróska opnaði einnig haustsýninguna „Flækjur“ samhliða tónleikunum og stóð sú sýning í nokkra daga á eftir.

3. 1910247 - Styrkbeiðni vegna tónleika í Garðakirkju í desember 2019

Bréf kammerhópsins Camerartica, dags. 6. október 2019, um styrk vegna árlegra tónleika undir yfirskriftinni „Mozart við kertaljós“ í Garðakirkju, 19. desember nk., var tekið fyrir.

Menningar- og safnanefnd samþykkir að veita kammerhópnum Camerartica styrk að upphæð 260 þúsund kr til tónleikahaldsins. Lögð er áhersla á að viðburðurinn verði kynntur bæjarbúum með auglýsingu á prent- eða samfélagsmiðlum.

4. 1911311 - Endurnýjun samnings við Kvinnakór Garðabæjar

Bréf Kvinnakórs Garðabæjar, dags. 21. nóvember 2019, um endurnýjun samstarfssamnings milli Garðabæjar og Kvinnakórs Garðabæjar lagt fram.

Umræður voru um samstarfssamninginn og starf Kvinnakórs Garðabæjar. Menningar- og safnanefnd tekur jákvætt í endurnýjun samnings við kórinn. Drög að samningi skulu vera tilbúin í

byrjun næsta árs þegar fjárhagsáætlun vegna menningarmála liggur fyrir.

5. 1909069 - Aðventudagskrá í Garðabæ

Farið var yfir helstu menningarviðburði á aðventunni í Garðabæ sem eru haldnir á vegum bæjarins sem og annarra. Viðburðirnir verða kynntir í viðburðadagatalinu á vef Garðabæjar og vakin athygli á þeim á fésbókarsíðu bæjarins og með frétt í Garðapóstinum.

6. 1911310 - Þriðjudagsklassík 2020

Tónleikaröðin Þriðjudagsklassík verður haldin næst vorið 2020 og listrænn stjórnandi og umsjónarmaður er sem fyrir Ingibjörg Guðjónsdóttir. Fyrirhugað er að halda þrenna tónleika þriðjudagskvöldin 22. febrúar, 24. mars og 23. apríl í sal Tónlistarskóla Garðabæjar. Fyrstu hugmyndir að dagskrá voru kynntar.

7. 1911312 - Vetrarhátíð 2020

Vetrarhátíð 2020 verður haldin dagana 6.-9. febrúar. Bókasafn Garðabæjar, Hönnunarsafn Íslands og Krókur taka þátt í Safnanótt eins og fyrri ár en Safnanóttin verður haldin á föstudagskvöldinu 7. febrúar. Sundlauganótt verður haldin laugardagskvöldið 8. febrúar og gert ráð fyrir að ein sundlaug í Garðabæ verði með opið lengur og dagskrá um kvöldið. Dagskráin í Garðabæ hefur verið kynnt sameiginlega með dreifibréfi og auglýsingu.

8. 1909069 - Verkefni menningar- og safnanefndar 2019-2020

Upplýsingastjóri kynnti ljósmyndavef Garðabæjar sem er í vinnslu. Myndirnar á vefnum eru í eigu Garðabæjar og hafa verið teknar í starfsemi bæjarins á undanförunum árum. Ljósmyndavefurinn verður birtur almenningi fljótlega og hægt að nálgast í gegnum vef Garðabæjar.

Önnur verkefni á næsta ári sem þarf að vinna að er skráning listaverka, jazzhátíð Garðabæjar, listadagar barna og ungmenna, menningaruppskeruhátíð o.fl.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
14. fundur 2019

Fimmtudaginn 14. nóvember 2019 kl. 16:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir varamaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Bryndís Stefánsdóttir fulltrúi kennara og Baldur Freyr Ólafsson fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023)

Kynning á helstu liðum fjárhagsáætlunar er varða grunnskólastarf

2. 1911169 - Skólaakstur

Lagt fram til kynningar

3. 1911188 - Markmið í starfi fristundaheimila

Lagt fram til kynningar

4. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Lagt fram til kynningar og skóladeild falið að fylgja málinu eftir þannig að tryggt sé að skólahúsnæði sé til staðar, gönguleiðir góðar og öryggi skólabarna tryggt m.a. með tilliti til umferðar.

5. 1911208 - Samtal við ungmennaráð

Skólanefnd þakkar Ungmennaráði áhugaverða kynningu og samtal.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð 4. fundur 2019

Miðvikudaginn 6. nóvember 2019 kl. 08:30 kom öldungaráð saman til fundar í Ísafold, Strikinu 3.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Ástbjörn Egilsson aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir aðalmaður og Svanhildur Þengilsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir yfirfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1910177 - Beiðni um umsögn Öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar Sinnum

Mál nr. 1910177, beiðni um umsögn öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar Sinnum.

Samningur um félagslega þjónustu hefur verið við Sinnum síðan 2009. Sinnum hefur sinnt þeim verkefnum sem snúa að heimilisþrifum og félagslegum stuðningi af ábyrgð og vandvirkni og lagt áherslu á fagmennsku og þjónustulund. Sú þjónusta sem Sinnum býður upp á er góð viðbót við þá þjónustu sem fyrir er veitt af sveitarfélaginu og gefur möguleika á að bjóða upp á fjölbreyttari valkosti fyrir notendur þjónustunnar með velferð þeirra og vellíðan að leiðarljósi.

2. 1910307 - Beiðni um umsögn Öldungaráðs vegna starfsleyfisumsóknar Daga

Mál nr. 1910307 lagt fram, umsókn Daga um starfsleyfi vegna reksturs félagslegrar þjónustu.

Samningur um félagslega þjónustu hefur verið við Daga (áður ISS) síðan 2009. Dagar hafa sinnt þeim verkefnum sem snúa að heimilisþrifum og félagslegum stuðningi af ábyrgð og vandvirkni. Sú þjónusta sem Dagar bjóða upp á er góð viðbót við þá þjónustu sem fyrir er veitt af sveitarfélaginu og gefur möguleika á að bjóða upp á fjölbreyttari valkosti fyrir notendur þjónustunnar með velferð þeirra og vellíðan að leiðarljósi.

3. 1710101 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun

Mál nr. 1710101 lagt fyrir Öldungaráð, aðgerðaráætlun í málefnum aldraðra. Tveir fulltrúar úr Öldungaráði fóru yfir stefnuna ásamt forstöðumanni stuðnings- og öldrunarþjónustu og settu niður áhersluatriði fyrir næstu tvö ár: upplýsingaflæði, Forvarnir og heilsuefling, búsetuúrræði og lífsgæði og innleiðing velferðartækni. Ný tímalína á grundvelli stefnunnar verður lögð fyrir næsta fund. Umræða skapaðist um upplýsingaflæði og voru upplýsingar um þjónustu heilsugæslunnar nefndar í því sambandi. Fram kom að eftir áramót verða fræðslufundir í Jónshúsi og mun heilsugæslan m.a. vera með erindi og kynna þá þjónustu sem þar er í boði fyrir eldri borgara í Garðabæ.

4. 1910181 - Styrkbeiðni vegna leikfimi eldri borgara.

Mál 1910181 lagt fram til umræðu, beiðni um styrk vegna leikfimi eldri borgara.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
251. fundur –2. desember 2019

Fundargerð

Fundur var boðaður í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 2. desember 2019. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundur hófst kl. 16.30.

1 Skipulagsmál

1.1 Tillaga um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og breytingar á deiliskipulagi Ása og Grundir.

Lagt fram erindi dags.28.11.2019 frá Sólveigu H. Jóhannsdóttur skipulagsfræðings Garðabæjar þar sem óskað er umsagnar vegna breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis á Grundum. Samhliða er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda. Fram kemur í greinagerð með tillögunni að deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir byggingu skólahúsnaðis og lítillar stækkunar á íbúðasvæði Grunda.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi né deiliskipulagi við Ása og Grundir.

1.2. Tillaga að breytingu á aðalskiplagi Garðabæjar 2016-2030 vegna Norðurness á Álftanesi.

Lagt fram erindi dags.30.10.2019 frá Sólveigu H. Jóhannsdóttur skipulagsfræðings Garðabæjar þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, en breytingin nær til Norðurness á Álftanesi. Breytingin felur m.a. í sér stækkun á íþróttasvæði undir golfvöll, breytingu á mörkum hverfisverndarsvæðis Bessastaðatjarnar, breytt ákvæði um íbúðarsvæði og niðurfellingu á hesthúsasvæði og aðstöðu til siglinga.

Heilbrigðisnefnd, vekur athygli á að undanfarin ár hefur verið unnið að endurheimt votlendis á svæðinu með það að markmiði að draga verulega úr losun kolefnis- og köfnunarefnissambanda, auk þess sem endurheimt votlendis auðgar fuglalíf á svæðinu. Á Bessastaðanesi og nágrenni hafa 36 fuglategundir verið taldar, m.a. brandönd og flórgoði auk þess sem svæðið er mikilvægur áningarstaður fyrir margæs og rauðbrysting, á ferð þeirra yfir hafið. Heilbrigðisnefnd tekur því undir þær áherslur sem fram koma í stefnu aðalskipulags Garðabæjar um að lagt verði kapp á að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni lífríkis og við allar framkvæmdir verði röskun á náttúru og lífríki takmörkuð eins og kostur er.

1.3. Tillaga að deiluskipulagi Lundahverfis í Garðabæ

Lagt fram erindi dags.01.11.2019 frá Sólveigu H. Jóhannsdóttur skipulagsfræðings Garðabæjar þar sem óskað er umsagnar vegna breytingu á deiliskipulagi fyrir Lundahverfi í Garðabæ. Fram kemur í greinagerð með tillögunni að deiliskipulagstillagan er fram komin til að uppfylla ákvæði núgildandi laga og reglna um leið og verið er að uppfæra áður samþykktar breytingar.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi við Lundahverfi í Garðabæ.



1.4. Tillaga að nýju skipulagi við Krýsuvíkurborg.

Lagt fram erindi dags.01.11.2019 frá Umhverfis og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar, þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á nýju deiliskipulagi fyrir svæði við Krýsuvíkurborg.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi við Krýsuvíkurborg, en vekur athygli á að gera ætti ráð fyrir almenningssalerni í skipulaginu.

2 Starfsleyfi og umsagnir

Garðabær

2.1 Garðatorg 3, Garðabær – hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Guðrúnar Sverrisdóttur, f.h. Hárgreiðslustofunnar Cleó ehf., kt. 430306-0490, dags. 01.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Garðatorgi 3, Garðabæ. Fasteignanr.: 2070117.

Endurnýjun.

Eftirlitskýrsla dags. 18.06.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.2 Hliðsnes 2, Garðabær – minna gistiheimili

Lögð fram umsókn Elíasar Péturssonar, kt. 190265-4479, dags 12.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistingar í flokki II að Hliðsnesi 2, Garðabæ. Fasteignanr.:2081519.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 15.11.2019. Neikvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 22.11.2019.

Með vísun til svars byggingarfulltrúa, er afgreiðslu frestað og umsækjanda bent á að snúa sér til skipulagsyfirvalda um heimild til breyttrar notkunar húsnæðis.

2.3 Hraunsholtsvegur 8, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Stefaníu Ó. Amín Halldórsdóttur, f.h. NSL ehf., kt. 580615-1040, dags. 05.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Hraunsholtsvegi 8, Garðabæ. Fasteignanr.: 2072696.

Ný starfsemi.

Eftirlitskýrsla dags. 27.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 2 ára.

2.4 Ránargrund 4, Garðabær – veitingastaður

Lögð fram umsókn Stefáns Magnússonar, f.h. Brunch ehf., kt. 691015-0170, dags. 27.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Ránargrund 4, Garðabæ. Fasteignanr.: 2360293. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 28.11.2019. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags.28.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.



2.5 Skeiðarás 10, Garðabær – sápugeti

Lögð fram umsókn Þórðar Jónssonar, f.h. Sápusmiðjan ehf., kt. 530612-2360, dags. 22.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á sápum að Skeiðarási 10, Garðabæ. Fasteignanr.: 2072126.

Ný starfsemi.

Eftirlitskýrsla dags. 22.11.2019.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 22.11.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.6 Smáraflöt 35, Garðabær – niðurrif

Lögð fram umsókn Guttorms Brynjólfssonar, kt. 050271-5449, dags. 29.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs bílskúrs að Smáraflöt 35, Garðabæ. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr.550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit er leyfi til niðurrifs heimiluð til 02.02.2020.

2.7 Suðurhraun 2, Garðabær – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Vífils Sigurjónssonar, f.h. Versus ehf., kt. 580506-1860, dags. 30.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs réttinga- og bílasprautunarverkstæðis að Suðurhrauni 2, Garðabæ. Fasteignanr.: 223-2216.

Endurnýjun.

Minnisblað dags. 30.10.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.8 Vesturhraun 1, Garðabær – málm- og vélsmiðja

Lögð fram umsókn Bjarna Thoroddsen, f.h. Stálsmiðjan -Framtak ehf., kt. 430801-2520, dags. 04.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs málm- og vélsmiðju að Vesturhrauni 1, Garðabæ. Fasteignanr.: 2287293.

Endurnýjun.

Eftirlitskýrsla dags. 28.11.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.9 Þrastanes 14, Garðabær –fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Heru Sveinsdóttur, kt. 220963-5949, dags. 14.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Þrastanesi 14, Garðabæ. Fasteignanr.:2072594.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 15.11.2019. Neikvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 22.11.2019.

Með vísun til svars byggingarfulltrúa, er afgreiðslu frestað og umsækjanda bent á að snúa sér til skipulagsyfyrvalda um heimild til breyttrar notkunar húsnæðis.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including 'b d', 'SMG', and other illegible marks.

Hafnarfjörður

2.10 Akurholt 1, Hafnarfjörður - grunnskóli

Lögð fram umsókn Kristins Guðlaugssonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags 06.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla með mötuneyti að Akurholti 1, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2072710.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.11.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.11 Álfhella 6, Hafnarfjörður - málsmiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Þórarins K. Ólafssonar, f.h. RST Net ehf., kt. 530198-2359, dags. 06.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis í raf- og málmiðnaði að Álfhelli 6, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2317387.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 06.11.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.12 Dalshraun 13, Hafnarfjörður - veitingastaður

Lögð fram umsókn Lúðvíks Jónssonar, f.h. HNB ehf., kt. 460906-0590, dags 04.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2074336. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags 12.11.2019.

Bréf sent byggingafultrúa dags. 04.11.2019. Jákvætt svar frá byggingafultrúa dags. 4.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.13 Eyrartröð 6, Hafnarfjörður - málsmiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Gunnlaugs Steingrímssonar, f.h. Fjarðarstál ehf., kt. 691298-4269, dags. 07.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs málsmiðju að Eyrartröð 6, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2074570.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 01.08.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.14 Flatahraun 12, Hafnarfjörður - mötuneyti

Lögð fram umsókn Heimis Magna Hannessonar, f.h. Smjattpatta ehf., kt. 530815-1100, dags 18.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs mötuneytis að Flatahraun 12, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2243269.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags 28.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.15 Hólshraun 5, Hafnarfjörður - trésmiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Gylfa Sigurðssonar, f.h. Trésmiðaverkstæði Gylfa ehf., kt. 711292-2419, dags. 18.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmiðaverkstæðis að Hólshrauni 5, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2075830.

Endurnýjun.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page. There are four distinct signatures or sets of initials, including one that appears to be 'SMC'.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.11.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.16 Lónsbraut 6, Hafnarfjörður - trésmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Friðberts Friðbertssonar, f.h. Lónssmiði ehf., kt. 680803-2930, dags. 18.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmíðaverkstæðis að Lónsbraut 6, Hafnarfirði, Fasteignanr.: 2259954.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.11.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.17 Lækjargata 34C, Hafnarfjörður - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Erlu Bjarkar Stefánsdóttur, f.h. Erla Björk ehf., (Varanleg fegurð) kt. 570909-0610, dags. 07.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Lækjargötu 34C, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2077664.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.11.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 18.11.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.18 Miðhella 4, Hafnarfjörður - framleiðsla og dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Guðríðar H. Baldursdóttur, f.h. Smarter Living ehf., kt. 510319-1410, dags. 27.10.2019 þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu og dreifingu matvæla að Miðhelli 4, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 230-6670.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 14.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 26.11.2030 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.19 Móhella 4b, Hafnarfjörður - framleiðsla og dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Stanko J. Jerman, f.h. Stanko ehf., kt. 581208-0810, dags. 07.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á matvælum að Móhelli 4b, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2274734, 2274735.

Endurnýjun.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á iðnaðarsvæði og þynningarsvæði vegna starfsemi álversins. Fyrir liggur álit byggingafulltrúa dags. 4.03.2015 um að matvælaframleiðsla falli ekki að samþykkttri notkun hússins.

Með vísun til álits byggingafulltrúa, er afgreiðslu frestað og umsækjanda bent á að snúa sér til skipulagsyfirvalda um heimild til breyttrar notkunar húsnæðis.

2.20 Norðurhella 2, Hafnarfjörður - Vatnsveita

Lögð fram umsókn Skarphéðins Skarphéðinssonar, f.h. Vatnsveitu Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 26.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs vatnsveitu að Norðurhelli 2, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2311100.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "SMG" and other illegible marks.

2.21 *Selhella 7, Hafnarfjörður - vörugeymsla*

Lögð fram umsókn Jóns Ólafs Bergþórssonar, f.h. Isetransport ehf., kt. 541298-3049, dags. 07.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs vörugeymslu að Selhelli 7, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2317298.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.11.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.22 *Óseyrarbraut 28, Hafnarfirði – meðhöndlun á fiskeldiskvíum*

Lögð fram að nýju umsókn Guðbjartar Þórarinssonar, f.h. Ísfells ehf., kt. 480269-4119, dags. 20.11.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs þjónustuverkstæðis fyrir fiskeldiskvíar að Óseyrarbraut 28, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: F2242602.

Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

2.23 *Bláfjöll, Kópavogur – skíðaskáli*

Lögð fram umsókn Bergþórs Kárasonar, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 21.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir skíðaskála í Bláfjöllum, Kópavogi.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.24 *Bæjarlind 1-3, Kópavogur - snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Elinborgar Óskarsdóttur, f.h. Snyrtistofan Cara ehf., kt. 660303-3320, dags. 13.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Bæjarlind 1-3, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2235227.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.11.2019.

Með vísun til athugasemda í eftirlitsskýrslu er lagt til að afgreiðslu sé frestað.

2.25 *Dalbrekka 36, Kópavogur – pökkun efnavöru*


Lögð fram umsókn Valþórs Þorgeirssonar, f.h. Marpól ehf., kt. 540194-2629, dags. 14.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til blöndunar og pökkunar efnavöru að Dalbrekku 36, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2063768.

Endurnýjun.

Minnisblað dags. 28.10.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Handwritten signatures and initials in black ink, including a large signature on the left, a smaller one in the middle, and several initials on the right, including 'SMG'.

2.26 Dalvegur 10-14, Kópavogur – mötuneyti

Lögð fram umsókn Ásdísar B. Jónsdóttur, f.h. Festi hf., kt. 540206-2010, dags. 04.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir mötuneyti að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Fasteignanr.: 229-1540.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.27 Gnitakór 5, Kópavogur – meindýravarnir

Lögð fram umsókn Guðlaugs Inga Sigurðssonar, f.h. Meindýravarnir Íslands ehf., kt. 410306-1310, dags. 25.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir garðaúðun og meindýraþjónustu að Gnitakór 5, bílskúr, Kópavogi. Fasteignanr.: 2274401.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 25.11.2019. Neikvætt svar byggingafulltrúa 28.11.2019.

Með vísun til álits byggingafulltrúa, er afgreiðslu frestað og umsækjanda bent á að snúa sér til skipulagsyfirvalda um heimild til breyttrar notkunar húsnæðis.

2.28 Hamraborg 9, Kópavogur - fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Silju Arnarsdóttur, kt. 040774-4919, f.h. Fótaaðgerðastofu Önnu og Silju, dags. 15.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Hamraborg 9, Kópavogi. Fasteignanr.: 206-1432.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.11.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.29 Hamraborg 11, Kópavogur - tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Freydísar Þóroddsdóttur, f.h. Intradent ehf, kt. 630506-0690 dags. 21.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hamraborg 11, Kópavogi. Fasteignanr.: 2061449.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.11.2019.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.30 Hlíðasmári 8, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Karels Atla Ólafssonar, f.h. Mealprep ehf., kt. 530619-0520, dags. 30.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Hlíðasmára 8, Kópavogi. Fasteignanr.: 2062297.


Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 04.11.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 13.11.2019.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

b.j



Handwritten signatures and initials, including 'SMG' and 'MAG'.

2.31 Hlíðasmári 19, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Hrannar Róbertsdóttur, f.h. Brosið Heilsuklinik slf., kt. 470518-0300, dags. 12.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðasmára 19, Kópavogi. Fasteignanr.: 2235510.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.11.2019. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags.29.11.2019. Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.32 Hæðasmári 6, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Lauren Colatrella, kt. 190989-3649, f.h. Baunin, dags. 20.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Hæðasmára 6, Kópavogi. Fasteignanr.: 2235245.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglgerða er starfsleyfi samþykkt til 02.02.2027.

2.33 Nýbýlavegur 12, Kópavogur – kaffihús

Lögð fram umsókn Ólafs Johnson, f.h. Kaffitár ehf., kt. 691010-0660, dags. 04.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss að Nýbýlavegi 12, Kópavogi. Fasteignanr.: 2064400.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.08.2019.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglgerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun húsnæðis.

2.34 Núpalind 1, Kópavogur – hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Lindu Rósar Rúnarsdóttur, f.h. Hárrétt ehf., kt. 631106-0210, dags. 07.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Núpalind 1, Kópavogi. Fasteignanr.:2232639.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.07.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglgerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.35 Skógarlind 2, Kópavogur – Bensínsstöð

Lögð fram umsókn Guðmundar Elíassonar, f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 25.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfsafgreiðslustöðvar með eldsneyti að Skógarlind 2, Kópavogi. Fasteignanr.: 2308035.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdastjóra N1 ehf. dags.25.09.2019 um fyrirkomulag dælustöðva. Með vísun til bókunar heilbrigðisnefndar frá 30.09.2019 þar sem vakin er athygli á að mikilvægt sé að umferðastýring við dælustöðvarnar tryggi öryggi gangandi vegfaranda og vísun í ákvæði mengunarvarnareglgerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

62



Handwritten signatures and initials, including 'SMG' and 'RAG'.

2.36 Smáratorg 3, Kópavogur – húðflúr

Lögð fram umsókn Katrínar Sylvíu Símonardóttur, kt. 310373-5919, dags. 01.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til húðflúrunar í snyrtistofunni Heilsu og fegurð að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fasteignanr.: 2289966.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.11.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 08.06.2020.

2.37 Smiðjuvegur 30, Kópavogur bílaverkstæði

Lögð fram umsókn Domas Dranginis, f.h. Magma Motors ehf., kt. 700919-1960, dags. 26.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Smiðjuvegi 30, Kópavogi. Fasteignanr.: 2065341.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.11.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.11.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.

2.38 Smiðjuvegur 34, Kópavogur dekkjaverkstæði

Lögð fram umsókn Arons Elfars Jónssonar, f.h. Dekkjasmíðjan ehf., kt. 410219-0420, dags. 13.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dekkjaverkstæðis og smurstöðvar að Smiðjuvegi 34, Kópavogi. Fasteignanr.: 2065349.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 14.11.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.39 Vallakór 12-14, Kópavogur – samkomusalur

Lögð fram umsókn Hönnu Cörlu, f.h. Handknattleiksfélags Kópavogs., kt. 630981-0269, dags. 20.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir til reksturs samkomusalar að Vallakór 12-14, Kópavogi. Fasteignanr.: 2296585.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.11.2019. Jákvætt svar byggingafulltrúa frá 29.11.2019.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.40 Urðarhvarf 8, Kópavogur – læknastofur

Lögð fram umsókn Arnþórs Guðjónssonar, f.h. Íslensk myndgreining ehf., kt. 511005-1320, dags. 28.10.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilbrigðisstarfsemi að Urðarhvarfi 8, Kópavogi. Fasteignanr.: 2300527. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 28.10.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 13.11.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

b.d
[Handwritten signatures and initials]

2.41 Urðarhvarf 8, Kópavogur – læknastofur

Lögð fram umsókn Dagnýjar Jónsdóttur, f.h. Stoðkerfi ehf., kt. 590897-2649, dags. 07.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs læknastofa að Urðarhvarfi 8, Kópavogi. Fasteignanr.: 2300527.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.11.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags.29.11.2019. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.42 Urðarhvarf 8, Kópavogur – sjúkraþjálfunarstofa

Lögð fram umsókn Ólafs Þórs Guðbjörnssonar, f.h. Sjúkraþjálfun Íslands ehf., kt. 460596-2469, dags. 14.11.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjúkraþjálfunarstofu að Urðarhvarfi 8, Kópavogi. Fasteignanr.: 2300527.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.11.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags.29.11.2019. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3 Umsagnir

Garðabær

3.1 Breiðumýri, Garðabær – kaffihús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 26.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Álftanes Café ehf. kt. 470515-1120, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir kaffihús að Breiðumýri, Garðabæ. Eftirlitsskýrsla dags. 01.08.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 09.12.2015.

3.2 Garðatorg 1-5, Garðabær – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Garðabæjar, kt. 570169-6109, þar sem sótt er um leyfi fyrir tónleikum í verslunarhúsnæðinu Garðatorgi 1-5, Garðabæ þann 14.11.2019 frá kl. 20.30 – 22.45. Gestafjöldi 300.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.3 Kaupúni 3, Garðabær – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.10.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Costco Wholesale Iceland, kt. 700614-0690, þar sem sótt er um leyfi fyrir vörukynningu/vínsmökkun í verslunarhúsnæðinu Kaupúni 3, Garðabæ þann 12.11.2019 frá kl. 11.00 – 19.00. Gestafjöldi 1000.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

bj Jm
ff SMG
CJ hlt

Hafnarfjörður

3.4 Ásvellir, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélags Hauka, kt. 600169-0419, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í íþróttahúsinu (sal) Ásvöllum, þann 30.11.2019 frá kl. 19.00 – 02.00. Gestafjöldi 400.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.5 Kaplakriki, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.10.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Keðjan, nemendafélag Kvennaskólans, kt. 430993-2089, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í íþróttahúsi Kaplakrika, þann 14.11.2019 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 1100.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.6 Kaplakriki, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Fjölbaut í Garðabæ, kt. 660287-2649, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í íþróttahúsi Kaplakrika, þann 21.11.2019 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 800.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.7 Norðurbakki 1, Hafnarfjörður – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Norðurbakkinn ehf. kt. 530815-0990, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús við Norðurbakka 1, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 11.11.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 28.10.2015.

3.8 Strandgata 75, Hafnarfjörður – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ek Veitingar ehf., kt. 530815-0720, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús við Strandgötu 75, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 19.07.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 09.12.2015.

3.9 Strandgata, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ben Events ehf., kt. 500216-0690, þar sem sótt er um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af jólaborpi á Thorsplani, þann 12.12.2019 – 15.12.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

Kópavogur

3.10 Bæjarlind 6, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla, kt. 430985-0789, þar sem sótt er um

*S.M.G.
G. J. H. G. H. H. H. H.*

leyfi fyrir samkomu í Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi þann 20.11.2019 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 500.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.11 Dalsmári 5, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 26.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Breiðabliks ehf., kt. 480169-0699, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í íþróttahúsinu Fífunni, Dalsmára 5, Kópavogi þann 24.01.2020 frá kl. 19.00 – 03.00. Gestafjöldi 2400.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.12 Engihjalli 8, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.09.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Matarhjallans ehf., kt. 690119-1020, þar sem sótt er um breytingu á opnunartíma á rekstrarleyfi fyrir veitingastofu við Engihjalla 8, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.10.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 30.09.2019.

3.13 Hagasmári 1, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu mótttekið dags. 05.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Phut ehf., kt. 651114-1520, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir Pizza Hut Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 07.08.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 30.03.2015.

3.14 Vallakór 12-14, Kópavogur – samkomusalir, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu mótttekið dags. 07.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksfélags Kópavogs, kt. 630981-0269, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusali að Vallakór 12-14, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.11.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 02.12.2019.

4 Tóbaksleyfi

4.1 Reykjavíkurvegur 62, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Mini Market ehf., kt. 470214-1040, dags. 01.11.2019 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Mini Market ehf., Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

5 Annað

5.1 Áramótabrennur og þrettándabrennur

Fyrir liggja eftirtalin erindi vegna áramótabrenna og þrettándabrenna

- *Ásvellir, Hafnarfjörður, áramótabrenna*

Lögð fram umsókn Bjarna H. Geirssonar f.h. Knattspyrnufélagsins Haukar., kt. 600169-0419, dags. 15.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu á Ásvöllum (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.00 þann 31.12.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

bd. SSS Jhu
Mturp Ant Sruer

- *Ofan Gulapings, áramótabrenna*
Lögð fram umsókn Árna Þórs Árnasonar, kt. 240366-5179, dags. 25.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu fyrir ofan Gulaping (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.30 þann 31.12.2019.
Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.
- *Smárahvammur, Kópavogur, áramótabrenna*
Lögð fram umsókn Eysteins P. Lárussonar f.h. Breiðabliks, kt. 480169-0699, dags. 25.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Smárahvamm (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.30 þann 31.12.2019.
Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.
- *Ásgarður, Garðabær, áramótabrenna*
Lögð fram umsókn Ásu Þorsteinsdóttur f.h. Knattspyrnudeildar Stjörnunnar, kt. 580589-1389, dags. 25.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Ásgarð (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.00 þann 31.12.2019.
Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn..
- *Gesthús á Álftanesi, Garðabær, áramótabrenna*
Lögð fram umsókn Kristjáns Sveinbjörnssonar f.h. Garðbæjar kt.570169-6109 og Ungmennafélags Álftaness kt. 630190-1939, dags. 29.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Gesthús (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.00 þann 31.12.2019.
Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

Umsagnarbeiðnir frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu:

- Vegna áramótabrenna sem taldar eru upp hér að ofan.
Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

6 Fundargerðir

- 6.1. Fundargerð SHÍ frá 31. 10.2019 lögð fram.
- 6.2. Fundargerð Umhverfisgæðahóp frá 21. 11.2019 lögð fram.
- 6.3. Fundargerð frá Umhverfisgæðahóp frá 27.11.2019 lögð fram.

7 Önnur mál

- 7.1 Viðbragðsáætlanir til að draga úr loftmengun.

Samkvæmt 36. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998) og 15. gr. reglugerðar um loftgæði ber heilbrigðisnefndum sveitafélaga að gera viðbragðsáætlanir til að draga úr loftmengun ef hún fer yfir skilgreind viðmiðunarmörk svo að hægt sé að uppfylla þau skilyrði sem sett eru um loftgæði á Íslandi.

Heilbrigðisnefnd óskar eftir að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) verði falið að gera samræmda viðbragðsáætlun til að draga úr loftmengun á starfssvæði nefndarinnar.

Nefndin hvetur enn fremur til þess að samvinna verði höfð við aðrar heilbrigðisnefndir á svæðinu.

7.2 Loftgæði á höfuðborgarsvæðinu, niðurstöður mælinga og þörf frekari rannsókna.

Heilbrigðiseftirlitið hefur haldið fund með forsvarsmönnum framkvæmdasviða Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs til að ræða mögulegar útfærslur á aukinni loftgæðavöktun. Þættir sem helst rýra almenn loftgæði á svæðinu er rykmengun m.a. frá umferð, köfnunarefnisoxíð frá umferð og brennisteinssambönd sem koma frá orkuöflun í Henglinum og frá bruna á þungu eldsneyti.


Heilbrigðisnefnd beinir því til sveitarfélagana á svæðinu, að huga að aukinni vöktun loftgæða. Það væri hægt að gera með kaupum eins eða fleiri sveitarfélags á færanlegri loftgæðastöð sem mældi helstu mengunarefnin, ryk, köfnunarefnisoxíð og brennisteinslofttegundir. Með því mætti auka vitneskju frá því sem nú er um mengunarálag á völdum, viðkvæmum stöðum. Þá væri líka hægt að setja upp net minni mælitækja nærri ætluðum mengunaruppsprettum, s.s. við stofnbrautir.


7.3 Lögð fram til kynningar rannsóknarskýrsla Sunnu Hrundar Sverrisdóttur líffræðinema um „Vöktun á yfirborðsvatni í Hafnarfjarðarbæ“, sem var fólgið í því að skoða Ástjörn og lækjarfarvegi í þéttbýli Hafnarfjarðar með hliðsjón af fyrri athugunum.


Heilbrigðisnefnd þakkar fyrir gerð þessarar úttektar og skýrslu. Nefndin hvetur Hafnarfjarðarbæ til þess að taka mið af efni skýrslunnar varðandi bættu framkvæmd friðlýsingar í kringum Ástjörn. Þá hvetur nefndin Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ til að vinna saman að því að opna á ný leið fyrir göngufisk, sjóbirting frá sjó upp Hamarkotslæk í Hafnarfirði og upp í Urriðavatn í Garðabæ. Eins og ljóslega kemur fram í skýrslunni eru bæði verkefni mikilvæg vegna náttúrverndar en um leið bæta þau útivistagildi ofangreindra svæða.

7.4 Lagður fram rökstuðningur HHK til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kæru Pizza-Pizza ehf. á ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins um að krefjast aðgengi viðskiptavina að salerni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.



Jón Haukur Ingvason


Sigurður Grétarsson


Ingibjörg Hauksdóttir


Linda Hrónn Þórisdóttir


Gnýr Guðmundsson


Elínbjörg Ingólfssdóttir



Reykjavík, 22. nóvember 2019
Fundargerð 186. fundar

Tilvísun: 1905064

Föstudaginn 22. nóvember var haldinn 186. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.50.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Haraldur Sverrisson og Ármann Kr. Ólafsson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. 9 mánaða uppgjör

Árshlutareikningur SHS samstæðu fyrir janúar – september 2019 lagður fram til umfjöllunar.

Eftirfarandi lagt fram:

- 9 mánaða uppgjör SHS 2019, dags. 22. nóvember 2019.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar.

2. Árlegt mat á gögnum til stjórnar og framsetning þeirra

Farið yfir útfærslur á mati á gögnum SHS til stjórnar.

Afgreiðsla: Innri endurskoðun verði fengin til þess að meta framsetningu gagna SHS til stjórnar í samvinnu við stjórnarmenn og fara svo yfir niðurstöður með stjórn.

3. Bruninn í Miðhrauni

Skýrsla Mannvirkjastofnunar um brunann í Miðhrauni 4 í Garðabæ 5. apríl 2018 kynnt

Eftirfarandi lagt fram:

- Skýrsla MVS um bruna að Miðhrauni 4, ódags.

Afgreiðsla: Kynning.

327

4. Rafmagnsbifreiðar

Farið yfir þjálfun og verklag vegna elda í rafmagnsbifreiðum.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Önnur mál

5.1 Lagt til að ensku heiti Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. verði breytt í Greater Reykjavík Fire and Rescue Service.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Fundi slitið klukkan 9.20

Næsti fundur verður auglýstur síðar.

Fylgiskjöl:


- 9 mánaða uppgjör SHS 2019, dags. 22. nóvember 2019.
- Skýrsla MVS um bruna að Miðhrauni 4, ódags.




Dagur B. Eggertsson




Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson



Rósa Guðbjartsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson



FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

310. fundur

Föstudaginn 20. september 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Heiða Björg Hilmarsdóttir (HBH), Helga Ingólfssdóttir (HI), Ásgeir Sveinsson, Magnús Örm Guðmundsson (MÖG) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Fjárhags- og rekstraráætlun 2020-2024.
- 2) Farþegatalningar.
- 3) Áhættustýring
- 4) Metan mál
- 5) Starfsmannamál
- 6) Önnur mál
 - a)

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og rekstraráætlun 2020

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhags- og rekstraráætlun 2020 – 2024. Umræður um málið og stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að stilla upp drögum fyrir eigendafund sem er boðaður þann 4. október n.k.

2. Farþegatalningar

Ragnheiður Einarsdóttir og Sólrún Svava Skúladóttir fóru yfir tölur um farþegafjölda fyrir fyrstu 8 mánuði ársins. Skv. talningum hefur farþegum fjölgað um 6% þar sem af er ári.

3. Áhættustýring

Framkvæmdastjóri fór yfir mælaborð áhættustýringar, jafnframt var farið yfir aðgerðir sem gripið hefur verið til varðandi upplýsingatækni til að auka upplýsinga- og netöryggi.

4. Metan mál

Stjórnarformaður Sorpu, Birkir Jón Jónsson og framkvæmdastjóri Sorpu, Björn Halldórsson komu á fundinn. Rætt var m.a. um framleiðslugetu nýrrar jarð- og gasgerðarstöðvar sem og dreifingar- og áfyllingarmál í tengslum mat stjórnar Strætó á vistvænum orkugjöfum fyrir strætisvagna.

Umræður um málið.



5. Starfsmannamál

Almennar umræður um starfsmannamál, þjónustustig o.fl..

6. Önnur mál

- a) Erindi frá íþróttta- og tómstundaráði. Framkvæmdastjóra falið að svara í samræmi við umræður á fundinum.
- b) Tillaga frá Háskólanum í Reykjavík varðandi strætóleið. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Reykjavíkurborg út af málinu.
- c) Tillaga Flokks fólksins um þjónustustefnu Strætó. Erindið var lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 13:00

Fylgiskjöl:

Björg Fenger

Heiða Björg Hilmarsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Karen Halldórsdóttir

Ásgeir Sveinsson

Magnús Örn Guðmundsson



FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

311. fundur

Föstudaginn 11. október 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Fjárhags- og rekstraráætlun 2020-2024, áframhaldandi umræður.
- 2) Stefnumótun Strætó.
- 3) Fræðslu- og starfsmannamál.
- 4) Persónuverndarstefna Strætó
- 5) Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk - staðan
- 6) Önnur mál
 - a) Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósílistaflokksins um matar- og kaffistofur.
 - b) Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósílistaflokksins um áheyrnafulltrúa frá starfsmönnum í stjórn Strætó.
 - c) Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósílistaflokksins um ábendingar.

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og rekstraráætlun 2020.

Farið var yfir stöðuna á fjárhags- og rekstraráætlun og þær umræður sem fram fóru á eigendafundi 7. október s.l. Umræður um gjaldskrástefnu Strætó og næstu skref þar. Stjórn felur stjórnarformanni, varaformanni og framkvæmdastjóra að hefja skoðun á eigendastefnu Strætó bs., skoða útfærslur á kostnaðarskiptingu sem og kosti og galla útvistunar.

2. Stefnumótun Strætó.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hafa kynnt stefnumótunarvinnu stjórnar Strætó fyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða var aðgerðalisti útbúin og fór framkvæmdastjóri yfir stöðuna á honum. Stjórn fól stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að uppfæra stefnu og hlutverk Strætó til samræmis við vinnu stjórnar við stefnumótun Strætó.

3. Fræðslu- og starfsmannamál

Sigríður Harðadóttir mannauðsstjóri Strætó kynnti hvernig fræðslu og þjálfun starfsmanna væri háttað. Jafnframt voru rædd viðbrögð og ferli þegar upp koma atvik er varða þjónustu Strætó. Upplýst var að vinna væri í gangi við að uppfæra handbók vagnastjóra.



4. Persónuverndarstefna Strætó

Persónuverndarfulltrúi Strætó, Sigurður Eggertsson, fór yfir drög að nýrri persónuverndarstefnu Strætó ásamt fræðsluskjölum tengdri henni.

Stjórn samþykkir nýja persónuverndarstefnu.

5. Ferðapjónusta fatlaðs fólks - staðan

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðuna. Ráðgjafi frá Mannvit hefur verið fenginn til að yfirfara útreikninga er varða mismunandi sviðsmyndir þjónustunnar. Gert er ráð fyrir að nýtt fyrirkomulag taki gildi um mitt næsta árs.

6. Önnur mál

- a) Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins um matar- og kaffistofur. Framkvæmdastjóra falið að svara í samræmi við umræður á fundinum.
- b) Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins um áheyrnarfulltrúa frá starfsmönnum í stjórn Strætó. Framkvæmdastjóra falið að svara í samræmi við eigendastefnu Strætó.
- c) Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins um ábendingar. Framkvæmdastjóra falið að svara í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið kl. 13:00

Fylgiskjöl: Persónuverndarstefna Strætó, vinnsla persónuupplýsinga í akstursþjónustu, ráðgefandi álit IE.

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Karen Halldórsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir



FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

312. fundur

Mánudaginn 28. október 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 08:30.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Karen Halldórsdóttir (KH) og Ásgeir Sveinsson.

Helga Ingólfssdóttir fulltrúi Hafnarfjarðar boðaði forföll.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Fjárhags- og rekstraráætlun 2020-2024, áframhaldandi umræður.
- 2) Útboð á greiðslukerfi.
- 3) Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og rekstraráætlun 2020.

Lögð fram drög að fjárhags- og rekstraráætlun ársins 2020 - 2024. Stjórn samþykkir að leggja drögin fyrir stjórn SSH til samþykktar. Drögin eru í samræmi við umræður sem fram fóru á síðasta eigendafundi.

2. Útboð á greiðslukerfinu

Farið yfir minnisblað frá VSÓ ráðgjöf er varðar yfirferð tilboða vegna útboðs á rafrænu greiðslukerfi en fjórir aðilar skiluðu inn tilboði. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samninga við lágstbjóðenda enda tilboðið undir kostnaðaráætlun.

3. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Umræður um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvaða markmið varða rekstur Strætó. Samþykkt að skoða nánar markmið 11, 12 og 13 með það að leiðarljósi að innleiða þau inn í stefnu Strætó.

Fundi slitið kl. 09:30

Fylgiskjöl: Fjárhags- og rekstraráætlun 2020 – 2024. Helstu niðurstöður fjárhags- og starfsáætlunar 2020. Minnisblað um greiðslukerfi



Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Ásgeir Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir



FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

313. fundur

Föstudaginn 22. nóvember 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Ásgeir Sveinsson, Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fulltrúi Hafnarfjarðar, Helga Ingólfsdóttir boðaði forföll.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Níu mánaða árshlutauppgjör lagt fram til staðfestingar.
- 2) Gjaldskrá samþykkt.
- 3) Starfsáætlun stjórnar 2020.
- 4) Útboð á vögnum.
- 5) Greiðslukerfið – staðan.
- 6) Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk – staðan.
- 7) Málafarli – staðan.
- 8) Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Árshlutareikningur 30.09.2019

Framkvæmdastjóri Strætó lagði fram og kynnti níu mánaða uppgjör félagsins. Árshlutauppgjörið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Rekstrarafkoma fyrir fyrstu níu mánuði ársins er undir áætlun sem nemur um 15 m.kr. Skýrist að mestu af hærra olíuverði en gert var ráð fyrir í áætlun.

Stjórn staðfesti árshlutauppgjör 30. september 2019 með undirskrift sinni.

2. Gjaldskrá samþykkt

Fyrir fundinum lágu drög að gjaldskrá Strætó. Stjórn samþykkti gjaldskráhækkun sem gildir frá 5. janúar 2020. Vegin meðalhækkun er 2,30%.

3. Starfsáætlun stjórnar 2020

Fyrir fundinum lágu drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að fundað verði á þriggja vikna fresti að jafnaði, en boðað til aukafundar ef þess gerist þörf.

Samþykkt að vinna drögin áfram og leggja fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.

4. Útboð á vögnum

Umræður um næsta útboð á vögnum. Framkvæmdstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.



5. Greiðslukerfið - staðan

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna varðandi kaup á nýju rafrænu greiðslukerfi. Niðurstaða útboðs var tilkynnt bjóðendum þann 28. október s.l. og í framhaldinu hefur verið fundað með FARA AS varðandi verkáætlun og tímaplan.

6. Ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðuna. Ráðgjafi á vegum SSH hefur verið ráðinn til að fara yfir og vinna að þjónustulýsingu og reglum. Gert er ráð fyrir að fljótlega verði farið að funda með hagsmunaaðilum.

7. Málafæri - staðan

Guðmundur Siemsen, lögfræðingur Strætó kom á fundinn og fór yfir stöðuna í máli 2ja verktaka í ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk sem stefnt hafa Strætó. Málið er enn í fresti og fór Guðmundur yfir matsgerðina sem unnin hefur verið í málinu. Jafnframt fór Guðmundur yfir kærur sem barst vegna tilboða í greiðslukerfi Strætó.

8. Önnur mál

- a) Stjórn fól framkvæmdastjóra að athuga með framlengingu á samningi við Deloitte vegna innri endurskoðunar fyrir árið 2020.

Fundi slitið kl. 13:00

Fylgiskjöl: Árshlutareikningur Strætó 30.09.2019
 Kynning á árshlutauppgjöri 30.09.2019

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Tillaga um að Garðabær bjóði út endurskoðun ársreikninga bæjarsjóðs og stofnana fyrir árin 2020 - 2023.

Flutningsmaður Ingvar Arnarson

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að bjóða út endurskoðun ársreikninga og stofnana bæjarins fyrir árin 2020 – 2023.

Greinagerð

Mikilvægt er að nýta kosti almennra útboða við vöru- og þjónustukaup þar sem því verður við komið. Í innkaupareglum Garðabæjar segir meðal annars að stuðla eigi að samkeppni á markaði varðandi sölu á þjónustu til Garðabæjar og að við innkaup sé beitt útboðum að eins miklu leyti og unnt er.